



## TILLAGA

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

---

### Efni tillögu: Verkefnaáætlun með velferðarstefnu 2026-2030

Lagt er til að samþykkt verði meðfylgjandi verkefnaáætlun, 2026-2030, með velferðarstefnu Reykjavíkurborgar. Á grundvelli verkefnaáætlunarinnar verða unnar kostnaðarmetnar aðgerðaáætlanir til eins árs í senn. Gert er ráð fyrir að kostnaður rúmist innan fjárheimilda velferðarsviðs.

#### Greinargerð:

10. júní 2021 var samþykkt í borgarstjórn velferðarstefna Reykjavíkurborgar 2021-203 sem samanstendur af sjö stefnuáherslum, 25 forgangsáherslum og aðgerðaáætlun með 58 aðgerðum sem ljúka skyldi innan fimm ára eða fyrir lok árs 2025. Stöðumat aðgerða var lagt fyrir velferðarráð einu sinni til tvisvar á ári á tímabilinu og við síðasta stöðumat 15. desember 2025 var 49 aðgerðum lokið en 9 aðgerðir voru enn í vinnslu.

Við vinnslu nýrrar aðgerðaáætlunar 2026-2030 var ákveðið að endurskoða einnig forgangsáherslur stefnunnar og var þeim breytt og fækkað og eru þær nú 16 talsins. Þá var jafnframt ákveðið að skilgreina stærri verkefni í stað minni aðgerða en verkefni eru 46 talsins. Velferðarstefnan verður uppfærð og endurútgefin með nýjum forgangsáherslum.

Verkefnaáætlunin var unnin í viðtæku samráði starfsfólks Reykjavíkurborgar og hagaðila, s.s. kjörinna fulltrúa, hagsmunasamtaka og samstarfsstofnana en þann 28. maí 2025, á velferðarstefnudeginum var stefnan rædd og fundargestum boðið að skilgreina verkefni í næstu aðgerðaáætlun. Áður höfðu stjórnendur á velferðarsviði hist á starfsdegi og rætt um forgangsáherslur stefnunnar og æskilegar breytingar á þeim. Mörg hundruð verkefni og aðgerðir voru nefnd og var samhljómur í mörgum þeirra. Meðfylgjandi verkefnaáætlun tilgreinir þau verkefni sem voru oftast nefnd. Framundan er svo vinna við að skilgreina þær aðgerðir sem heyra undir hvert verkefni og forgangsraða þeim en innleiðingarhópur velferðarstefnu mun annast það. Hver aðgerð verður unnin í 90 daga sprettum af sérstaklega tilgreindum spretthópum. Árlega verður gerð ný aðgerðaáætlun á grundvelli verkefnaáætlunarinnar. Stöðumat verður lagt árlega fyrir velferðarráð.

Fylgiskjöl:

Verkefnaáætlun velferðarstefnu 2026-2030, dags. 4. mars 2026.



**Reykjavík**